




Skarðshlíðarleikskóli

Umhyggja – Virðing - Gleði



Skólanámskrá

Gefin út 2025

Í Skarðshlíðarleikskóla

Í Skarðshlíðarleikskóla
við rokkum nú og syngjum í kór öll saman

Í Skarðshlíðarleikskóla
þegar okkur líður vel – þá er gaman!

Í leikskólanum mikilvægast ég tel
að öllum, stórum og litlum, líði vel.

Við erum gleðigjafar
og fyllum föturna-a-a-ar

::: Þá öllum líður vel – já svo vel. Já vel! :::

Syngjum:

Í Skarðshlíðarleikskóla
við rokkum nú og syngjum í kór öll saman.

Í Skarðshlíðarleikskóla
þegar okkur líður vel – þá er gaman!

Lag: I love rock'n roll
Texti: Katrín Hildur Jónasdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Um Skarðshlíðarleikskóla	2
Hlutverk leikskóla og leiðarljós.....	3
Hlutverk leikskólastjóra	4
Hlutverk kennara og starfsfólks.....	4
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	6
Menntastefnu Hafnarfjarðar.....	6
Grunnpættir menntunar	7
Hugmyndafræðilegar áherslur	8
Fjölgreindarkenningin	8
Hringekjan.....	9
Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsga	10
Fyrir hvað stendur Skarðshlíðarleikskóli?	11
Leikur, nám og námsumhverfi.....	12
Kennarinn.....	13
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	14
Læsi og samskipti	15
Heilbrigði og vellíðan.....	17
Sjálfbærni og vísindi.....	19
Sköpun og menning	22
Leiðir í starfinu eru meðal annars.....	24
Mat á námi og velferð barna	27
Sérkennsla	27
Farsældar barna	28
Brúin	28
Fjölskyldan og leikskólinn	29
Tengsl skólastiga.....	31
Mat á leikskólastarfi	32
Innra mat.....	32
Ytra mat	33
Heimildaskrá.....	34

Vakin er athygli á að í flestum tilfellum er notað orðið kennari um allt starfsfólk leikskólans og er það gert til að ítreka að allir koma að námi, uppeldi og umönnun barnanna.

Inngangur

Námskrá leikskóla er **grundvöllur** fyrir **uppeldi og menntun barna** á leikskólastigi og fellur undir íslensk lög og reglur sem miða að því að tryggja réttindi og velferð barna. Námskráin tekur mið af og útfærir **markmið, áherslur og aðferðir** sem sett eru fram í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Samkvæmt þessum lögum ber leikskólastjóri ábyrgð á útgáfu og framkvæmd námskrár, sem á að vera í samræmi við aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru settar fram almennar leiðbeiningar um hvernig skólar eigi að móta og innleiða nám og uppeldi í leikskólum. **Námskráin** hefur það að markmiði að **stuðla að alhliða þroska** barna í samræmi við **þarfir** þeirra og gefur þeim tækifæri til að læra og vaxa í **öruggu og uppbyggjandi** umhverfi.

Leikskólinn er **rekinn af Hafnarfjarðarbæ** og heyrir undir **Mennta- og lýðheilsusvið**. Sviðið starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um **sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna** nr. 86/2021 tryggja að **þjónusta** sem snýr að **börnum** sé **samræmd og sambætt** á milli opinberra aðila, þannig að börn og fjölskyldur þeirra fái allar þær upplýsingar og stuðning sem þau þurfa. Í samræmi við þessi lög er mikilvægt að leikskólar hafi **skýra og samræmda** nálgun í vinnu með þjónustu og stuðning við börn.

Í námskránni koma fram upplýsingar um **grunnþætti menntunar** og þær **stefnur** sem leikskólinn starfar eftir, þar á meðal **jafnréttisstefna**, sem stuðlar að jafnrétti allra barna óháð kyni, fötlun, menningu eða öðrum þáttum. **Umhverfisstefna** leggur áherslu á að bæta **umhverfisvitund** barna og nýta náttúru og náttúruleg úrræði sem hluta af náminu. **Stefna gegn einelti** tryggir að leikskólinn sé öruggur staður þar sem **öll börn njóta virðingar og jafnræðis**. Þá verður einnig að virða **réttindi barna** samkvæmt **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**, þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra líf og velferð.

Námskráin er þannig ekki aðeins skjal sem **útfærir nám og uppeldi** í leikskóla, heldur einnig tæki til að tryggja að allir leikskólar fylgi **lagalegum kröfum** og stefnum sem miða að **velferð og jafnræði allra barna**.



Um Skarðshlíðarleikskóla

Skarðshlíðarleikskóli er staðsettur í Hádegisskarði 1 í Hafnarfirði. Leikskólinn tók til starfa **9. ágúst 2019** og er gert ráð fyrir um **80 börnum í námi**. Heimastofurnar eru fjórar talsins og heita **Laut** og **Lyng** þar sem yngri börnin dvelja og **Hraun** og **Hóll** þar sem eldri börnin dvelja.

Gildi leikskólans og leiðarljós eru: **Umhyggja, virðing og gleði** og eiga þau að skína í gegn í öllu starfi.

Hugmyndafræði og stefna leikskólans er byggð á **Fjölgreindarkenningu Garnders, Uppeldi til ábyrgðar** og **Lærdómssamfélagi**, auk þess sem unnið eftir ýmsum stefnum Hafnarfjarðar eins og Læsisstefnu og Barnvænt sveitarfélag.

Húsnæði leikskólans er vel hannað með **flæði og samvinnu** í huga og er mikil áhersla lögð á þess konar vinnu. Heimastofurnar fjórar liggja allar að **fjölnota rými** og á milli hverra tveggja stofa er sameiginlegt herbergi svo auðvelt er fyrir börnin að fara á milli heimastofa í leik og starfi. Fjölnotarýmið, sem kallað er **Hreiður**, er nýtt undir hreyfingu, leik, samsöng og matsal. Í matartímum er matnum komið fyrir á **hlaðborði** í hentugri hæð fyrir börnin svo þau geti **skammtað sér sjálf** á disk og valið sér svo sæti með þeim börnum sem þau vilja sitja með. Alla jafnan borða kennarar ekki með börnunum heldur einbeita sér að því að **skapa hlýlegt, notalegt og snyrtilegt umhverfi** fyrir börnin að matast í. Kennarar af öllum heimastofum hjálpast því að við að sinna öllum börnunum. **Börnin eru hvött til að gera sjálf** en fá þó alltaf **aðstoð** eins og þau þurfa eftir **aldri, þroska og þörfum**.

Mikil áhersla er lögð á að börnin **læri í gegnum leik** og að þau **upplifi** sig sem **sterka einstaklinga**. Við trúum því að leikur sé **besta námsleiðin** fyrir börn og í gegnum hann læri þau meðal annars að taka ákvarðanir, leysa úr vandamálum, samvinnu, eflist í félagsfærni og skapandi hugsun auk þess sem málþroski styrkist.



Hlutverk leikskóla og leiðarljós

Leikskólinn er **fyrsta skólastigið** og þar með **upphaf formlegrar menntunar**. Ekki er skylda að ganga í leikskóla heldur er það ósk foreldra að leikskólinn taki þátt í uppeldi, umönnun og menntun barna þeirra.

Leikskólaárin eru **mikilvægur tími náms og þroska** í lífi hvers **barns**. Lögð er áhersla á að veita börnum **hvetjandi námsumhverfi**, þar sem markvisst er verið að styrkja **sjálfsmynd, efla félagsfærni, læsi og skapandi hugsun** og stuðlað að **heilbrigði**.

„Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla er að:

- a. Fylgjast með og efla alhliða þroska barns í náinni samvinnu við foreldra
- b. Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- c. Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- d. Stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- e. Leggja grunnvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- f. Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Leikskólinn er fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú. Leikskólabörn eru ólík og ber að leggja áherslu á **styrkleika þeirra og hæfni** í öllu starfi leikskólans, ásamt þörfum þeirra fyrir **hvatningu, leiðsögn og vernd kennara**.



Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur **leiðtogi** og ber honum að vera í **forystu** um **þróun metnaðarfulls leikskólastarfs**. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í **samræmi við lög**, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og aðrar áherslur er Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar leggur til. Leikskólastjóri **skal stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks** með velferð og hag barna og foreldra þeirra að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastjóra að **brýna þagnarskyldu** fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins samkv. 52.gr barnalaga, nr. 76/2003.

Hlutverk leikskólastjóra er að **leiða lýðræðislegt samstarf** innan leikskólans og stuðla að **lærdómssamfélagi** þar sem faglegt starf leikskólans er **reglulega ígrundað og þróað**. Að auki á leikskólastjóri að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að **efla þekkingu** sína og vera í **stöðugri starfsþróun**. Leikskólastjóra ber að gera rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu og ársáætlun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að **farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum** sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90 og aðalnámskrá leikskóla 2011).

Hlutverk kennara og starfsfólks

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er **mannauður** leikskólans. Starfsfólki leikskóla ber að sinna starfi sínu af **fagmennsku, alúð og af samviskusemi**. Starfsfólkið skal gæta **kurteisi, nærgætni og lipurðar** í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki (Lög um leikskóla 90/2008). Starfsfólk er bundið **þagnarskyldu** varðandi málefni sem það verður áskynja í starfi, sem snýr að börnum, foreldrum og öðru starfsfólki. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um **börnin** í leikskólanum, **menntun** þeirra og **velferð**. Á starfsfólki hvílir sú **skylda að veita börnum tækifæri** til að afla sér **þekkingar og leikni**, örva **leikgleði** þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). **Kennarar** eiga að vera **leiðandi í mótun leikskólastarfsins** og þeim ber að **virða** hvert barn og **skapa** þeim tækifæri til að **þroskast og njóta bernsku** sinnar á sínum forsendum. Kennarar eru **mikilvægar fyrirmyndir** barna í samskiptum og starfi.

Leikskólakennarar eiga að vera **leiðandi í mótun** uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Leikskólakennarar skulu vinna af **fagmennsku**, þróa hana reglulega og dýpka faglega þekkingu sína með því **að fylgjast með nýjustu stefnum** og straumum á sviði menntavísinda. Leikskólakennurum ber einnig að vera **faglegar fyrirmyndir í lærdómssamfélagi** skólans og eru í **lykilhlutverki** við skipulagningu og framkvæmd innra mats leikskólans.



Í aðalnámskrá leikskóla koma fram eftirfarandi **leiðarljós sem eiga að vísa veginn** í mótun leikskólastarfs:

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.



Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Samkvæmt **aðalnámskrá leikskóla** er mikil áhersla lögð á **gildi leiksins** í öllu leikskólastarfi og mikilvægi **lýðræðis** og **jafnréttis**.

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.:

„Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á



Í Skarðshlíðarleikskóla er markvisst unnið með **lýðræðisleg vinnubrögð** og **jafnrétti**. Börnin taka **virkan þátt** í að móta starfið meðal annars með kosningu þegar margar tillögur koma fram varðandi sama atriði. Lögð er áhersla á **samræður** þar sem hver **hlustar á** annan og **skoðanaskipti** eiga sér stað. **Samvinna og hjálpsemi** er í hávegum höfð og eru kennarar duglegir að benda börnum á þegar þau sýna þessa kosti. Jafnrétti er meðal annars fólgið í því að öll börnin hafa **jöfn tækifæri** til að takast á við fjölbreytt verkefni í leikskólanámi sínu.

Menntastefna Hafnarfjarðar

Í **menntastefnu Hafnarfjarðar** er lögð áhersla á **vellíðan, félagslegt öryggi og sjálfstæði** í framtíðarsýn bæjarins. Í henni kemur meðal annars fram að bera eigi **virðingu** fyrir **ólíkum lífsháttum** og **fjölbreytni** og að aðstæður til frístunda og náms séu hvetjandi og styðja við **frumkvæði, samvinnu og skapandi hugsun**. Börn eiga að fá **tækifæri** til þess að **þróa hæfileika** sína í gegnum leik og störf á eigin forsendum og njóta stuðnings til að þroskast og dafna. **Leiðarljós menntastefnu Hafnarfjarðar** eru í grunninn fjögur, **sköpun, fjölbreytileiki, vellíðan og samvinna**. Búið að marka áherslur fyrir hvert og eitt leiðarljós sem eiga beina skírskotun í bæði [Heimsmarkmið](#) [Sameinuðu þjóðanna](#) og [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#).



Grunnpættir menntunar

„Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.“

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

Grunnpættir menntunar eru: **læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun**. Grunnþættirnir tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum.

Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum... að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“

Heilbrigði og velferð

„Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi... Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“

Lýðræði og mannréttindi

„Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skóla. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna...“

Sköpun

„Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna... getur notið sín. Hamingja og gleði liggur í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.“

Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar...“



Hugmyndafræðilegar áherslur

Skarðshlíðarleikskóli hefur **Fjölgreindarkenningu** Gardners að leiðarljósi í öllu starfi. Einnig er farið eftir stefnunni **Uppeldi til ábyrgðar** og lögð áhersla á að leikskólinn sé **lærdómssamfélag**. Áhersla er á læsi í samræmi við læsisstefnu Hafnarfjarðar, **Lestur er lífsins leikur**.

Fjölgreindarkenningin

Í Skarðshlíðarleikskóla er markvisst unnið eftir **Fjölgreindarkenningu** Howards Gardners. Kenninguna setti Gardner fram árið 1983 í kjölfar útgáfu á bókinni *Frames of Mind*. Gardner **gagnrýndi** hina almennt viðurkenndu hugmynd um greind og hélt því fram að vestræn menning hefði skilgreint greind of þröngt. Samkvæmt kenningu hans samanstendur greind mannsins af sjö eða fleiri **jafngildum** greindarsviðum. Hann hélt því fram að fólk væri missterkt í hverri greind en allir væru sterkir í einhverri þeirra.

Þær greindir sem Howard Gardner hefur kortlagt eru eftirfarandi:

- **Málgreind:** Hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega og skriflega.
- **Rök- og stærðfræðigreind:** Hæfileiki til að nota tölur á árangursríkan hátt og hugsuð rökrétt.
- **Rýmisgreind:** Hæfileiki til að skynja hið sjónræna og rúmfræðilegt umhverfi.
- **Líkams- og hreyfigreind:** Færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar og leikni til að búa til hluti og nota þá.
- **Tónlistargreind:** Hæfileiki til að skynja, meta, skapa og tjá tónlist.
- **Samskiptagreind:** Hæfileiki til að skilja og greina skap og tilfinningar annarra.
- **Sjálfspekingargreind:** Sjálfspeking og hæfni til að lifa og starfa á grunni þeirrar þekkingar. Skýr sjálfsmynd og þekking á eigin styrk og veikleikum.
- **Umhverfisgreind:** Hæfni í að þekkja og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu auk næmni fyrir fyrirbærum náttúrunnar.



Okkar sýn er sú að við **lærum best** í gegnum þá **greind** sem við erum sterkust í. Til að mynda ef barn er sterkt í **tónlistargreind** en er síðra í stærðfræði og rökþugsun þá kennum við því stærðfræði í gegnum tónlist, syngjum t.d. lög um tölur. Með tímanum er það **okkar trú** að börnin verði góð í að **yfirfæra þekkingu** í einni greind á aðra.



Hringekjan

Í Skarðshlíðarleikskóla er unnið **markvisst** með Fjölgreindarkenninguna t.a.m. í **Hringekju** þar sem börnin **flæða frjálst** á milli **stöðva** um allan leikskóla og er unnið með **mismunandi greindir** á hverri stöð. Börn af öllum heimastofum geta þá fundið sér **viðfangsefni** sem heilla þau mest hverju sinni.



Húsnæði leikskólans **hentar einstaklega vel** fyrir Hringekju þar sem það er **opið, rúmgott og yfirsýn góð**. Kennarar skipuleggja og undirbúa stöðvar sem vekja áhuga barnanna á **viðfangsefnum dagsins**. Þeir eru til staðar fyrir börnin, aðstoða þau, taka þátt í verkefnum og leik og glæða hann eftir þörfum.



Fyrirkomulag Hringekju veitir margvíslega **kosti**. Við nýtum **mannauðinn** vel auk þess sem **kennarar læra** mikið af hvor öðrum. Hringekjan veitir börnum **tíma og rými** til að vinna lengra með hvert viðfangsefni fyrir sig. Börnin **kynnst öllum kennurum** leikskólans sem og **umhverfi** hans sem starfsfólki hefur fundist **stór kostur** og vegna þess hefur **aðlögun og tilfærsla** milli deilda orðið mun **auðveldari**. Börnin kynnst einnig **betur sín á milli** sem eykur gleði og vellíðan almennt í leikskólanum.




Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsgaga

Upphafsmaður hugmyndafræðinnar Uppeldi til ábyrgðar er **Diane Gossen**. Hún byggir hugmyndafræðina á viðurkenndum vísindalegum kenningum og rannsóknum á eðli mannlegrar hegðunar. Aðferðin byggir einnig á hugmyndum **dr. William Glasser** um gæðaskólann og **sjálfstjórnarkenningu** hans.

Dr. William Glasser heldur því fram að orsök slæmrar hegðunar og vanlíðan sé vegna þess að einstaklingurinn nái ekki að **uppfylla grunnþörfum** sínum á **jákvæðan hátt**.

Hann segir að ef **einstaklingurinn** eigi að vera lífsglaður, hamingjusamur og andlega heill þurfi viðkomandi að uppfylla þessar meðfæddu grunnþarfir. Þessar þarfir eru: **ást og umhyggja, áhrifavald og stjórn, frelsi og sjálfstæði, gleði og ánægja og öryggi og lífsafkoma**.



Meginmarkmið kenningar Diane Gossen er að

kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að kenna þeim að **uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt** og gefa þeim **tækifæri til að leiðrétta mistök sín**. Litið er á mistök sem eðlilegan þátt í lærdómsferli.

Lykilatriðið við að starfa eftir þessari hugmyndafræði er að kennarar **skoði sín lífsgildi** og **hvaða grunnþarfir þeir eru að uppfylla dagsdaglega**. Þeir þurfa að **nota orðræðu** sem einkennist af **opnum spurningum** og **jákvæðum samskiptum**.



Leikskólinn er **lærdómssamfélag** þar sem börn og kennarar **læra saman** um **grunnþarfirnar** og hvernig þær stjórna hverjum einstaklingi. Við **stjórnnum bara okkur sjálfum en ekki öðrum** og það sem við segjum og gerum hefur áhrif á aðra í kringum okkur. **Viðurkennt** er að það sé **eðlilegt** að gera **misstök** og að það felist **dýrmætt nám í að leiðrétta eigin mistök**. Áhersla er lögð á uppbyggilegt samtal um hvað hefði mátt betur fara svo við getum snúið til baka eftir mistök með **reisn** og sem **sterkari einstaklingar**.

Börn læra af samskiptum sínum innbyrðis og **kennarinn er öflugasta** fyrirmynd barnanna í leikskólanum.



Fyrir hvað stendur Skarðshlíðarleikskóli?

Barnið er ávallt í brennideplinum

Í öllu starfinu eiga gildi
Skarðshlíðarleikskóla; **Umhyggja,**
virðing og gleði, að skína í gegn

Aðalstefna Skarðshlíðarleikskóla er að
veita börnum leikskólans **fyrsta flokks**
menntun og uppeldi og leita stöðugt
nýrra leiða til að **gera góðan skóla enn**
betri.



Í Skarðshlíðarleikskóla er allt gert með
hagsmuni barna að leiðarljósi.

Í **skapandi** starfi skiptir **ferlið** málið og
útkoman á að vera **barnsins.**

Við hlægjum **með** öðrum
ekki **af** öðrum.

Í leikskólanum viljum við vera
gleðigjafar og fylla fötur okkar og
annarra.

Viðurkennt er að **allir geti gert**
mistök og það sé mikilvægt að gefa
kost á að **leiðrétta** þau eftir bestu
getu. Allir eigi að geta **vaxið** eftir
mistök.



Í Skarðshlíðarleikskóla er lögð
áhersla á að **horfa í hæfileika** barna
og kennara þannig að allir fái notið
sín. Í því felst ákveðið **frelsi til**
athafna og leikja. Með þessu frelsi
felst **ekki réttur** til að **trufla** aðra,
vera **dónalegur** eða **ganga á rétt**
annars aðila.



Leikur, nám og námsumhverfi

Leikurinn er **pungamiðja** leikskólastarfsins. Börn leika sér af fúsum og frjálsum vilja á **eigin forsendum**. Í leik fá börn **útrás fyrir tilfinningar** sínar, **hugmyndir**, **fróðleiksfýsni** og **forvitni** og þar öðlast börn **félagslega færni** með því að fá tækifæri til að þroskast í **samskiptum** við önnur börn. Í leik þarf að skiptast á, taka tillit til annarra, virða skoðanir og miðla málum og þar birtist reynsluheimur barna.



Leikurinn er **aðalnámsleið leikskólans**. Umhverfi skólans er skipulagt þannig að það **efli sjálfstæði**, **samskipti** og **leikgleði barna**. Í boði er fjölbreyttur efniviður sem ýtir undir leik og skapandi hugsun. Frjáls leikur er í hávegum hafður þar sem börnin **flæða** um svæði leikskólans og nýta þann efnivið sem er í boði hverju sinni.

Þar sem leikur barna byggir meðal annars á **reynsluheimi þeirra** þá er markvisst verið að **byggja við þann grunn**, m.a. með skipulögðu starfi, lestri bóka, **þátttöku** í daglegum athöfnum og vettvangsferðum. Börn eru í eðli sínu **fróðleiksfús** og **forvitin**, því má segja að starf leikskólans snúist um að **skapa tækifæri** til að **auðga** reynsluheim þeirra.

Kennarar leikskólans gegna **lykilhlutverki** í leik, námi og námsumhverfi barna. Þeir eru **fyrirmyndir** barna í **samskiptum og umgengni**. Þeir eiga að bjóða upp á efnivið, upplifanir, samskipti og samræður sem efla börnin. Kennarar eiga einnig að vera vakandi fyrir því að öll börn séu **virkir þátttakendur** í leik og námi leikskólans.

„Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,*
- gefa leik nægan og samfelldan tíma,*
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,*
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,*
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,*
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,*
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,*
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.“*

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011



Kennarinn

Allir þeir sem koma að námi barna eru kennarar, hvort sem þeir eru faglærðir eða ekki. Hlutverk þeirra sem starfa í leikskólum er því stórt og **ábyrgðin mikil**.

Eins og áður hefur komið fram starfar Skarðshlíðarleikskóli eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar og þurfa kennarar leikskólans að hafa **góða þekkingu** á því hvað það er að uppfylla sínar **grunnþarfir**. Jafnframt þurfa þeir að þekkja og nota þá **orðræðu** sem einkennir þessa hugmyndafræði sem eru m.a. **opnar spurningar og jákvæð samskipti**.

Eitt af meginmarkmiðum leikskólans (skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008) og læsisstefnu Hafnarfjarðar er að: „**veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.**“

Kennarinn er því **íslenskukennari** barnanna og **málfarsleg fyrirmynd**. Hann er duglegur að setja **orð á athafnir** barnanna dagsdaglega. Markvisst auðgar kennarinn málumhverfið með því að **eiga samtál** við hvert barn um það sem vekur áhuga þess. **Les** bækur, **segir** sögur, **syngur** og **leikur** sér með málið.

Sumir kennararnir **eru að læra íslensku** og þeir sýna þá gott fordæmi með því að vera áhugasamir og duglegir að læra málið.



Kennarar Skarðshlíðarleikskóla gerðu með sér **samskiptasáttmála** út frá gildum leikskólans og hugmyndafræði. Sáttmálinn nær til samskipta sem kennarar hafa sín á milli, við börnin og við foreldra.

- Við heilsum með brosi og bjóðum góðan daginn og kveðjum með brosi í lok dags.
- Við berum virðingu fyrir einstaklingnum og mætum stundvíslega inn á deild.
- Við hrósum hvort öðru.
- Við höfum gaman saman.
- Við hlæjum saman.
- Við njótum augnabliksins og gefum öllum tíma.
- Við hlustum af áhuga.
- Við erum til staðar.
- Við erum jákvæð og lausnamiðuð.
- Við sýnum væntumþykju.
- Við erum kurteis og tillitssöm.
- Við sýnum stuðning og traust.
- Við sýnum gleði, virðingu og umhyggju í öllum samskiptum.
- Við vinnum saman að því að gera góðan skóla að enn betra samfélagi barna, foreldra og kennara.



Sambætt og skapandi leikskólastarf

Námssvið leikskólans eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Þessi svið eiga að vera sambætt og samofin öllu starfi leikskólans, en þau taka mið af grunnþáttum menntunar, leiðarljósum leikskóla og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a. „Námssvið leikskólans eiga að:

- vera hluti af leik barna,
- vera sambætt daglegu starfi leikskóla,
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.“

Aðalmarkmið Skarðshlíðarleikskóla er að börnum **líði vel** í leikskólanum, þau séu **virk** og útskrifist **glöð, sjálfstæð, félagslega sterk** og **víðsýn**.

Grundvallarþættir Menntastefnu Hafnarfjarðar; **sköpun, fjölbreytileiki, vellíðan** og **samvinna** eiga að flæða um í öllu starfi leikskólans.



Læsi og samskipti

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.”

Áherslupættir með námssviðinu læsi og samfélag:

Skv. aðalnámskrá eiga leikskólabörn að fá ríkuleg tækifæri til að:	Leiðir Skarðshlíðarleikskóla eru m.a. eftirfarandi:
„Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.“	Unnið er með gildi leikskólans; Umhyggja, virðing og gleði í barna- og starfsmannahópnum. Unnið er í minni hópum / einingum. Unnið eftir aðferðinni Gefðu 10. Sýnum öll hvort öðru virðingu í samskiptum. Ræða við börn í þeirra augnhæð.
„Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.“	Mikil áhersla er á frjálsan leik. Áhersla er á ferli í öllu skapandi starfi.
„Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efnivið.“	Nýtt eru tækifæri í gegnum listsköpun og margskonar efnivið s.s. brúður, verðlausan efnivið og fleira. Frjálsum leik er gefið gott rými innan dagsskipulagsins.
„Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.“	Mikið er sungið með börnunum. Vinnum markvisst með málörvun til að efla læsi og hljóðkerfisvitund t.d. með Lubbi finnur málbeinin. Unnið er markvisst með orðaforða. Lesnar bækur og rætt um innihald þeirra. Orð sett á athafnir.
„Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.“	Hlusta á alls konar sögur s.s. loðtöflusögur, sögupoka og bækur. Markvisst er unnið með þulur og rím. Börnin eru hvött til að semja eigin sögur. Áhersla er lögð á sögur, þulur og ljóð tengd ákveðnum þemum t.d. í kringum jólin og þorrann.
„Þróa læsi í víðum skilningi.“	Umhverfið er nýtt til að efla færni barna í umhverfislæsi. Ýtt er undir gagnrýna hugsun með því að spyrja opinna spurninga og hvatt til umræðna. Tilfinningalæsi er æft með Að fylla fötur bókunum, Vináttuverkefni Barnaheill o.fl. Unnið með að lesa í eigin þarfir og annarra s.s. út frá þarfahring Uppeldi til ábyrgðar.



„Öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.“	Hafa tölur, stafi og orð sýnileg í umhverfi barna. Aðgengi barna að bókum er gott. Myndir með orðum til að skrifa eftir.
„Deila skoðunum sínum og hugmyndum.“	Börnin höfð með í ákvarðanatökum og hvött til að segja skoðanir sínar. Börnin hvött til að hafa skoðanir á verkefnum og efnivið. Börnin gera samskiptasáttmála inni á hverri deild.
„Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.“	Útinám notað til að rannsaka og skoða og frekari upplýsingar fundnar í bókum eða með hjálp tækninnar. Tæknin notuð til ýmissa hluta eins og t.d. að senda tölvupóst eða leita upplýsinga á netinu.
„Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.“	Skoðum menningu allra barna á deildinni, tungumál og fána t.d. tekið er þátt í margskonar menningartengdum uppákomum, s.s. degi íslenskrar tungu, evrópska tungumáladeginum, jólaundirbúningi, bónda- og konudegi og lýðveldishátíð. Íslenskt samfélag er skoðað og rannsakað með samtali og vangaveltum, lesnar eru bækur, farið á veraldarvefinn og í vettvangsferðir.

Öll mannleg samskipti reyna á læsi og er tungumálið lykilatriði. Barn þarf að öðlast færni til að meðtaka orð, skilja þau og kunna að beita þeim til að tjá hugsanir, skoðanir, tilfinningar og langanir. Læsi og samskipti eru því samtvinnuð öllu starfi leikskólans.



Heilbrigði og vellíðan

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og náin tengsl við börnin.“

Áherslupættir með námssviðinu heilbrigði og vellíðan:

Skv. aðalnámskrá eiga leikskólabörn að fá ríkuleg tækifæri til að:	Leiðir Skarðshlíðarleikskóla eru m.a. eftirfarandi:
„Umhyggju.“	Kennarar sýna börnunum hlýju, eru til staðar og veita virka hlustun. Kennarar sýna hvor öðrum og foreldrum hlýju og eru þannig góðar fyrirmyndir. Hverju barni er gefinn sinn tími og er lögð áhersla á að vera með færri börn á hverju svæði. Börnin eru hvött til að gera sjálf, aðstoða hvert annað og sýna umhyggju og tillitssemi.
„Persónulega umhirðu.“	Handþvottur er kenndur. Börnin eru hvött til að þrifa sér um munn og hendur eftir matartíma. Speglar eru í augnhæð barna í matstofu til að þau geti þrifið sig sjálf. Börnin eru hvött til að gera sjálf. Börnin læra að meta þegar þau þurfa að skipta um föt, t.d. vegna bleytu.
„Holla næringu.“	Rík áhersla á jákvæða umræðu um mat. Börnin eru hvött til að smakka allan mat. Ávallt er gott aðgengi að vatni. Börnin eru hvött til að skammta sér sjálf, brytja, smyrja og stappa. Lögð er áhersla á að matartíminn sé róleg og notaleg stund.
„Fjölbreytta hreyfingu.“	Kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi fjölbreyttrar hreyfingar og bjóða upp á umhverfi og efnivið því við hæfi, úti sem inni. Hlaupin er Mílan , fyrst innan leikskólalóðar en svo eins og grunnskólinn gerir.
„Ögrandi og krefjandi útivist.“	Leikskólalóðin býður upp á ögrandi umhverfi. Farið er í aldursviðeigandi vettvangsferðir. Nærumhverfi er mikið nýtt s.s. Ásfjall og skógurinn.



„Slökun og hvíld.“	Eftir hádegismatinn er ró í leikskólanum, þá sofna yngstu börnin, en þau eldri hlusta á sögur eða taka þátt í rólegum verkefnum. Börnin eru frædd um mikilvægi þess að líkaminn fái hvíldarstund á daginn.
„Tilfinningalegt jafnvægi.“	Starfsmenn eru ætíð til staðar fyrir börnin á þeirra forsendum. Börnin læra um eigin þarfir (þarfahringurinn) og að setja sig í spor annarra. Börnin læra að leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra. Börnin læra að það sem þau segja og gera hefur áhrif á aðra.
„Jákvæð samskipti.“	Kennarar gefa börnum rými til að styrkja vináttutengsl. Unnið er markvisst með Vináttuverkefnið Barnaheilla. Reglulega fylla kennarar út tengslahringinn. Kennarar eru fyrirmyndir og til staðar þar sem börn eiga í samskiptum og leiðbeina þeim eftir þörfum.
„Félagsleg tengsl.“	Lögð er áhersla á vináttuna og hvað er fólgið í því að vera vinur. Gildi leikskólans umhyggja, virðing og gleði eru í hávegum höfð. Frjálsum leik er gefið rými og tíma. Kennarar eru meðvitaðir um að aðstoða börn að komast inn í leik.

Grundvöllur náms og framfara er heilbrigði einstaklingsins sem birtist í andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan. Það barn sem býr við öryggi og heilsusamlegt umhverfi safnar þekkingu úr umhverfi sínu og nýtir þau tækifæri sem þar eru að finna.



Sjálfbærni og vísindi

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélagi, mismunandi náttúruferirbæri, vísindi og tækni.“

Áherslupættir með námssviðinu sjálfbærni og vísindi:

Skv. aðalnámskrá eiga leikskólabörn að fá ríkuleg tækifæri til að:	Leiðir Skarðshlíðarleikskóla eru m.a. eftirfarandi:
„Umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi.“	Lögð er áhersla á umhverfisgreind, sem er hluti af hringekju. Í vettvangsferðum er m.a. lögð áhersla á að ganga vel um náttúruna, kynnast umhverfi sínu og nöfnum í umhverfinu. Plöntur og dýr vekja alltaf athygli og er börnunum kennt að bera virðingu fyrir öllu stóru og smáu, allt hefur sinn tilgang. Börnin eru hvött til að vera "Umhverfislöggur".
„Hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun.“	Börnum eru hvött til að hlusta á sitt magamál og koma í veg fyrir matarsóun. Börnin fá tækifæri til að rækta plöntur og/eða grænmeti. Umhverfislöggur hjálpa til við að halda garðinum okkar hreinum og snyrtilegum sem kveikir umræðu um umgengni okkar á jörðinni. Börnin taka virkan þátt í að flokka rusl. Börnin endurvinnna pappír og nýta verðlaust efni í skapandi starfi.
„Hringrásur og fyrirbærum í náttúrunni.“	Skoðað er og rannsakað lífríkið í nærumhverfinu. Börnin fræðast um hringrás vatnsins. Í vettvangsferðum og annarri útiveru fylgjast börnin með og upplifa mismunandi veðurfar og árstíðir. Unnin eru skapandi verkefni út frá árstíðum.
„Margvíslegum auðlindum náttúrunnar.“	Vatnið er sú auðlind sem börnin þekkja best – gerðar eru tilraunir með vatn (snjór/klaki bráðnar og síðan í sólinni gufar vatnið upp). Börnin sá fræjum, vökva með vatni og fylgjast með hvernig planta vex og dafnar. Haldnir eru þemadagar um helstu vistkerfi jarðar og mikilvægi þeirra.



„Nýtingu náttúrunnar.“	Farið er í vettvangsferðir og týndur upp efniviður sem m.a. er hægt nota í listsköpun. Börnin læra um hvernig hægt er að nýta náttúruna til að búa til mat. Börnin læra um mikilvægi trjáa fyrir loftslagið. Börnin læra um mikilvægi vatns og nýtingu þess.
„Upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga.“	Fjölbreytt úrval bóka eru í boði þar sem börnin geta skoðað og velt vöngum yfir fyrirbærum í náttúrunni. Bókasöfn eru vel nýtt í upplýsingaleit. Myndir með upplýsingum um þau viðfangsefni sem verið er að velta fyrir sér hverju sinni eru aðgengilegar börnunum. Spjaldtölvur eru notaðar til upplýsingaleita og smáforrit nýtt.
„Stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum.“	Unnið er með stærðfræðigreind í Hringekjunni. Numicon kubbar eru markvisst notaðir til að efla talnaskilning. Notaðir eru kubbar af öllum stærðum og gerðum, t.d. einingakubbar, holukubbar (bæði úti og inni) og segulkubbar. Margskonar spil eru í boði. Umhverfið og vettvangsferðir nýtt til að finna form og stærðir.
„Lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra.“	Börnin sýna alla jafna skordýrum og dýrum áhuga og virkja kennarar þann áhuga til að kafa dýpra með börnunum og skoða lífshætti dýranna. Áhugi barnanna á dýrum er nýttur til ýmissa verkefna og listsköpunar.
„Eðli ýmissa krafta og birtingamyndum þeirra í umhverfinu.“	Börnin fræðast um veðrið og hvaða áhrif það hefur á okkur og náttúruna. Börnin læra um mismunandi einkenni árstíða, t.d. hvernig gróðurinn er á mismunandi tímum og hvaða dýr eru í umhverfinu á hvaða árstíma, t.d. fuglar, skordýr og húsdýr. Gerðar eru tilraunir með vatn, segla og fleira.
„Eiginleikum ýmissa efna og hluta.“	Börnin eru í eðli sínu forvitin og gera margskonar tilraunir, bæði sjálf og undir handleiðslu kennara. Kennarar eru vakandi fyrir því að ýta undir áhuga barnanna með því að koma með hugmyndir af efnivið til að skoða.
„Möguleikum og takmörkunum tækninnar.“	Börnin velta ýmsu fyrir sér og hvetja kennarar þau til að finna leiðir til að læra meira t.d. að nýta tæknina. Kennarar beina sjónum barna að ýmissikonar tækni eins og rafmagni, ljósi og hljóði til að ýta undir forvitni og upplýsingaleit barnanna.



„Rými, fjarlægðum og áttum.“

Börnin læra að nota öðruvísi mælieiningar til að mæla vegalengdir, t.d. hvað eru mörg skref eða hve oft getum við sungið Gamla Nóa á leiðinni.

Farið er í vettvangsferðir að heimilum barnanna til að kynnast nærumhverfi og velt vöngum um hver býr lengst frá og styst.

Kort eru skoðuð af hverfinu og merktar inn gönguleiðir barnanna í vettvangsferðum.



Mikilvægt er að kenna börnunum góða umgengni og nýtingu verðmæta snemma. Hvers kyns tilraunir, umræða og fjölbreytt verkefni hvetja til dýpri skilnings á sjálfbærni og vísindalegu starfi. Börnin kanna umhverfi sitt, lesa í það og spyrja spurninga. Mikilvægt er að mæta áhuga og fróðleiksfýsni barna með hvatningu. Börnin þurfa að læra að bera virðingu fyrir öllu lífi, stóru sem smáu, allir eru mikilvægir hlekkir í keðju lífsins.



Sköpun og menning

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barni kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.“

Áherslupættir með námssviðinu sköpun og menning:

Skv. aðalnámskrá eiga leikskólabörn að fá ríkuleg tækifæri til að:	Leiðir Skarðshlíðarleikskóla eru m.a. eftirfarandi:
„Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.“	Rík áhersla er lögð á mikilvægi ferlis og náms í listsköpun barnanna. Í Hringekjunni er unnið með sköpun í gegnum rýmisgreind. Ávallt er reynt að hafa gott aðgengi að margskonar efnivið, bæði í listasmiðju og í frjálsum leik. Börnin fara í vettvangsferðir og nýta náttúruna í skapandi starfi, þar er unnið eftir hugmyndum barnsins. Árstíðirnar er nýttar í skapandi starfi s.s. unnið með laufblöð að hausti, mála snjó á haustin.
„Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.“	Börnin vinna úr eigin hugmyndum og reynslu á eigin forsendum. Í hringekju fá börnin að velja það sem vekur áhuga þeirra og þannig nýta þau sína styrkleika til sköpunar. Kennarar bera ábyrgð á að skapa viðeigandi aðstæður og hvetja börnin til að kanna, prófa og gera tilraunir. Reynt er eftir fremsta megni að taka ljósmyndir af ferlinu og gerðar uppeldisfræðilegar skráningar.
„Kanna og vinna með margvíslegan efnivið.“	Efniviður er aðgengilegur börnum, í þeirra sjónhæð og náms- og leikrými er skipulagt með tilliti til þeirra. Boðið er upp á opinn efnivið, verðlausan efniviður, könnunarleik og fleira. Útisvæðið og nærumhverfið býður upp á marga möguleika til könnunar, sandur, þúfur, steinar og drullusvæði o.fl. Boðið er upp á ýmsan auka efnivið til að dýpka leikinn, t.d. köngla eða mottur fyrir einingakubbana
„Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum.“	Fjölbreytt úrval bóka er aðgengilegt börnum í þeirra sjónhæð og þeim kennt að umgangast þær af virðingu. Lesið er fyrir börnin á hverjum degi og auk bóka eru nýttir sögupokar og loðtöflusögur. Lögð er áhersla á bækur og sögur með rími og þulum. Boðið er upp á bókmenntir við hæfi aldurs og þroska hvers barns.



„Læra texta og taka þátt í söng.“	Á hverjum degi eru söngstundir á öllum heimastofum. Einu sinni í viku er sameiginleg söngstund. Þá er sungið lag vikunnar ásamt lögum sem börnin hafa valið. Elstu börnin taka þátt í kórastarfi þar sem lögð er áhersla á flóknari lög. Tónmenntakennari grunnskólans býður leikskólabörnum í sameiginlegar söngstundir með grunnskólabörnum.
„Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.“	Í Hringekjunni er unnið með tónlistargreind, þar sem börnin fá fjölbreytta tónlistarkennslu, prófa hljóðfæri og læra takt. Búin eru til hljóðfæri úr verðlausum efnivið. Búningar eru til í skólanum sem heimastofur skiptast á að nota, þar æfa börn sig í leikrænni tjáningu og ímyndunarleik. Hvert tækifæri er nýtt til að halda ball og bjóða upp á tónlist og dans. Í matartímum er boðið upp á rólega og fjölbreytta tónlist meðan börnin matast. Reglulega er farið í heimsókn í tónmenntastofu grunnskólans, tónlistarskólann eða speglasalinn í leiklist.
„Njóta fjölbreyttrar menningar og lista.“	Á jólum er boðið upp á leiksýningu í leikskólanum. Á sumarhátíð er boðið upp á tónlistaratriði. Reglulega eru bóka-, minja- og listasöfn heimsótt. Elstu börnunum er boði í Hörpu og í Þjóðleikhúsið á menningarviðburð. Börnunum er boði á viðburði í tónlistarskóla.
„Taka þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.“	Börnin fá að kynnast öðrum menningum með hátíðum sem tengjast þeirra menningarheimi. Haldið er upp á þemadaga tengda menningu. Foreldrafélagið heldur jólaball fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Börnin taka virkan þátt í að skipuleggja og undirbúa viðburði og hátíðar s.s. aðventukaffi, bóndadag og konudag.

Skapandi hugsun er undirstaða allra framfara. Skapandi starf er samofið menningu og setur lit á mannlífið. Umhverfi sem hvetur til sköpunar einkennist af fjölbreyttum efniviði, svigrúmi til frjálsra athafna, fjölbreyttri reynslu, stuðningi og hvatningu.



Nám barna í daglegu starfi

Nám barna fléttast inn í allt starf leikskólans, hvort heldur er í frjálsum leik, skipulögðu starfi eða daglegum athöfnum. **Kennarinn er hér í lykilhlutverki** því það er hans að styðja börnin og hvetja, spyrja spurninga, undrast, leika, setja orð á athafnir og bjóða upp á **námstækifærin**.

Gildi leikskólans; **Umhyggja, virðing og gleði** er rauði þráðurinn í kennsluháttum kennarans. Kennarinn er til staðar fyrir börnin og sýnir nærveru sína með því að **gefa af sér, taka eftir og eiga samskipti** við hvert barn og hlusta á þarfir þeirra og langanir. Með umhyggju er verið að **hlúa að barninu af virðingu** án þess að skerða athafnaþrá þess. Barnið er örvað til dáða með því að kennarinn hjálpar barninu að hjálpa sér sjálft og leita lausna. **Leikur** veitir börnum m.a. **gleði og vellíðan** og í gegnum hann læra þau að sýna hvert öðru **umhyggju**.

Daglegar athafnir leikskólans eru **móttaka** (að koma í leikskólann), **matmálstímar**, **persónuleg umhirða** (salernisferðir, handþvottur, að **klæða sig** í og úr), **hvíld** og **kveðja** í lok dagsins. Í daglegum athöfnum eru börnin að gera tilraunir með að gera sjálf undir dyggri **handleiðslu og hvatningu** frá kennara. Þau uppgötva eigin getu og verða stolt af sigrum sínum. Jafnframt eru daglegu athafnirnar námsstundir í **kurteisi, tillitssemi og hjálpssemi**.



Áhersla er á að **bjóða upp á rólega leiki að morgni** þegar flest börn eru að mæta. Þannig skapast meira næði til að hvert barn **njóti þess** að koma í leikskólann þar sem **vel er tekið á móti** því og foreldrum/aðstandendum þess. Á sama hátt er mikilvægt að **enda daginn á rólegu nótunum** og gefa barni og foreldrum gott veganesti heim með tilhlökkun um að hittast næsta dag í leikskólanum.

Í Skarðshlíðarleikskóla er **matstofa** þar sem öll börn leikskólans borða. Börnin eru í flæði inni á heimastofum í frjálsum leik og í matsalnum að borða. Þau geta tekið sér **hlé frá leik**, farið að borða og snúið svo aftur í sinn leik. Þau **taka sér þann tíma** sem þau þurfa til að borða, mega **ráða** hvar þau sitja og með hverjum. Börnin eru hvött til að bjarga sér sjálf í matsalnum, ná í disk, skammta sér mátulega af mat af hlaðborði og finna sér sæti, en þannig eflum við **sjálfbjörg** þeirra. Hlutverk kennara í matsalnum er að skapa rólegt og notalegt umhverfi, halda uppi jákvæðum aga, halda snyrtilegu og fylla á. Lögð er áhersla á **notalegt andrúmsloft** í matmálstímum og að börnin finni að þau geti haft **áhrif** á hvað þau eru lengi að borða og eigi þar góða samverustund með félögum sínum. Boðið er upp á **þrjár máltíðir** á dag, morgunmat, hádegismat og nónhressingu, og svo fá börnin ávexti inn á heimastofum tvisvar til þrisvar á dag. Stefna Hafnarfjarðar og Skarðshlíðarleikskóla er að geta boðið börnum upp á **hollan og góðan mat**.

Samverustundir eru á hverjum degi þar sem eru **lesnar** bækur, **sagðar** sögur, **spjallað**, **sungið** og/eða farið í **leiki**. Í þessum stundum reynir á **hlustun, tillitssemi og tjáningu**.



Málörvun fer fram í öllu starfi leikskólans. Unnið er markvisst með orðaforða, hljóðkerfisvitund og aðferðina Gefðu 10. Það er einföld aðferð sem ætluð er til að auka samræðu og samskipti milli kennara og barna.

Lubbi finnur málbein er námsefni þar sem verið er að æfa máhljóðin og nota tákn með. Lubbi er íslenskur fjárhundur (tuskuhundur) sem er að leita að máhljóðum þannig að hann náði að tala mannamál. Hann ferðast víða um Ísland og rekst á fullt af orðum sem sum hver eru erfið að skilja. Með hjálp barnanna er ýmislegt hægt. Unnið er með þetta efni í samræmi við aldur, þ.e. byrjað einfalt en verður síðan erfiðara og flóknara.

Skarðshlíðarleikskóli vinnur eftir **læsisstefnu Hafnarfjarðar** en það er samfélagslegt verkefni þar sem leik- og grunnskólar, ásamt foreldrum og ýmsum stofnunum bæjarins, taka höndum saman um að efla málþroska og læsi barna. Tilgangur þess að efla læsi er að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju við lok grunnskólagöngu.

Hringekjan er ein af leiðum leikskólans til að vinna **markvisst** með **fjölgreindarkenningu** Garnders. Þá vinna allir kennarar saman að því að skipuleggja **stöðvar út frá greindunum** og geta börn af öllum heimastofum **flætt eftir eigin áhuga og úthaldi** á milli stöðva og fundið sér **skemmtileg viðfangsefni**. Stefnt er að því að stöðvarnar geti verið inni jafnt sem úti.



Í leikskólanum er **stór og myndarlegur barnahópur** sem samanstendur af einstaklingum á mismunandi aldri. Til að allir fái að **njóta sín í leik** og námi þarf að vera **jákvæður agi** sem einkennist af **virðingu** og **vináttu**. Markvisst er unnið eftir **Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga**. Börnin kynnst **grunnþörfunum** sem eru sett upp myndrænt í þarfahring og talað um að það séu þarfir sem allir þurfa að fá uppfyllt annars kemur það fram í líðan og hegðun. Unnin eru margvísleg verkefni með börnunum til að kynna fyrir þeim **þarfahringinn**.

Einnig er unninn **samskiptasáttmáli** á hverju hausti þar sem börnin í samvinnu kennara setja sér reglur sem ýta undir **jákvæð samskipti, vellíðan og virðingu**. Börnin taka þátt í að gera **skýrar og einfaldar reglur**.

Kennarinn er **öflug fyrirmynd** þegar unnið er eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar og eitt af því mikilvægasta er að hann sé að nota **orðræðuna** í leik og námi barnanna. Lögð er áhersla á að kennarinn tileinki sér að segja börnunum **hvað má/á að gera**, í stað þess að segja þeim hvað má ekki gera. Markvisst er reynt að **fækka neikvæðum skilaboðum** og er það gert með því að virkja innri hvata og frumkvæði. Barni





er bent á **hvenær það geti gert** það sem því langar til, t.d. „Já, þegar við erum búin í vettvangsferðinni“ (ekki segja: „Nei, ekki núna“). Jafnframt er **áhersla** á að hjálpa barninu að **finna lausnir** með því að kennarinn spyrji **opinna spurninga**.

Að fylla fötur (How to fill a bucket) eru bækur sem eru mikið nýttar í starfinu með börnum og er hluti af **orðræðunni** í leikskólanum.

Vináttuverkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni með það markmið að skapa menningu þar sem **öll börn tilheyra** hópnum óháð útliti, skoðunum, styrkleikum eða veikleikum þeirra. Lögð er áhersla á að **efla félagsanda** sem byggir á **virðingu, fjölbreytileika, hugrekki og umhyggju**. Að gildi Vináttu verði hluti af öllu skólastarfi og samfélaginu öllu. **Kennarar og foreldrar** séu alltaf **góðar fyrirmyndir** barna sinna og hafi **jákvæð áhrif** á félagsanda barnanna. Helsta markmiðið er að skapa umhverfi þar sem **einelti nær ekki að þrífast**.

Skarðshlíðarleikskóli er leikskóli sem er í **stöðugri þróun** og hafa bæði börn, foreldrar og kennarar áhrif á starfið sem fer þar fram.



Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat þarf þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.“

Í Skarðshlíðarleikskóla er **fjölbreyttur hópur barna** með misjafnar þarfir. Allt starf leikskólans miðar að því að **mæta margbreytilegum hópi** barna á **jafnræðisgrundvelli** með einstaklingsþarfir að leiðarljósi.

Ferilmappa er fyrir hvert barn og er í hana safnað ýmsum gögnum frá barninu, s.s. teikningum, ljósmyndum, samtölum og fleira.

Ýmis skimunartæki eru notuð til að skoða stöðu barna og má þar nefna **TRAS**, **Orðaskil** og **HLJÓM-2**. Einnig eru önnur skimunartæki notuð þegar þurfa þykir, eins og Íslenski smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn og AEPS

Sérkennsla

Í barnahópnum hverju sinni geta verið börn sem þurfa **íhlutun** til að geta tekið **virkan þátt** í leik og námi. Þetta geta verið börn sem eru að ná tökum á íslenskunni, börn með málfarsörðuleika, langveikindi, fötlun, félagslega eða tilfinningalega erfiðleika.

Sérkennslustjóri leikskólans **ber ábyrgð** á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar ásamt leikskólastjóra. Hann **heldur utan** um skimanir og **veitir ráðgjöf** til kennara leikskólans og **foreldra**. Unnið er samkvæmt **snemmtækri** íhlutun Hafnarfjarðarbæjar.

Sérkennslan fer að mestu leyti **fram inni á heimastofum** barnanna en einnig er í boði að vinna með einstaklinga eða minni hópa í öðrum rýmum leikskólans til að skapa rólegra umhverfi, **draga úr áreiti** og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna. Að öðru leyti fer sérkennsla fram í gegnum samvinnu innan leikskólans með tilliti til verkefnavals, aðlögunar á umhverfi og verkefnum með áherslu á að börnin upplifi vellíðan og hafi möguleika til **virkrar þátttöku, vaxtar og þroska** í leikskólastarfinu.

Markmiðið er að öll börn séu **virkir þátttakendur** í samfélagi leikskólans þar sem **fjölbreytni í barnahópnum** er talið vera **eðlilega** og menntun hvers einstaklings er **gæðamenntun** þar sem stuðningur er í boði eftir **þörfum** hvers og eins.



Farsæld barna

Lög um **sambættingu þjónustu** í þágu **farsældar barna** kveða á um að öll börn og foreldrar skuli hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Tengiliður skal hafa **viðeigandi þekkingu** á þjónustu í þágu farsældar barns og hafa lokið viðeigandi fræðslu hjá Barna- og fjölskyldustofu. Hann á að hafa **þekkingu og yfirsýn** yfir þá **þjónustu** sem er í boði í **sveitarfélaginu/þjónustusvæðinu** og eiga í góðum samskiptum við aðra þjónustuveitendur á svæðinu.

Hlutverk tengiliðar farsældar er:

- að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi.
- að rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn.
- að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- að aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
- að skipuleggja og fylgja eftir sambættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- að koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra.
- að taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.

Í **Skarðshlíðarleikskóla** eru tengiliðir farsældar **leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri**.



Brúin

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að **markmiði að sambætta þjónustu og efla stuðning við börn** í leik- og grunnskólum. Verklagið, sem kallast **Brúin**, felur í sér **samvinnu sérfræðinga** af Mennta- og lýðheilsusviði og af Fjölskyldu- og barnamála-sviði og leggur áherslu á **þjónustu á fyrri stigum. Vakni áhyggjur foreldra eða kennara** af málþroska, hegðun/félagsfærni eða hreyfi-færni hjá barni er byrjað að vinna strax að því að **kortleggja vandann**. Í framhaldinu er tekin ákvörðun um hvort unnið er í ákveðið langan tíma með barnið áður en vísað er máli þess til **lausnarteymis Brúarinnar**. Þar er rætt **nám, hegðun, þroski og/eða líðan** barns með **samþykki foreldra** og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.“

Samstarf heimilis og leikskóla er mjög mikilvægur hlekkur í uppeldi og menntun leikskólabarnsins. Mikilvægt er að foreldrar fái **vitneskju** um innra starf leikskólans og breytingar í leikskólanum er varða börnin. Á sama hátt er mikilvægt að kennarar fái **bakgrunnsupplýsingar** um börnin er snerta velferð þeirra og **breytingar** á einkahögum sem geta valdið þeim spennu og vanlíðan. **Traust þarf að ríkja á milli heimilis og skóla.**

Allir sem starfa í leikskólum **skrifa undir þagnareyð** sem gildir ævilangt. Fullur trúnaður er um upplýsingar er varðar börnin og fjölskyldur þeirra. **Þagnarskylda** þessi **nær þó ekki** til atvika sem ber að **tilkynna** samkvæmt **barnaverndarlögum**.

Barnavernd í 19. grein Barnasáttmála S.Þ. er kveðið á um vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu. „Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.“ Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 17. gr. Ber þeim er starfa með börnum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef vart verður við að barn búi við ofbeldi eða vanrækslu. Má hér benda á nánari umfjöllun á heimasíðu Barnaverndarstofu (www.bvs.is undir Ítarlegar upplýsingar – verklagsreglur og vinnulag – verklagsreglur skólafólk).

Þegar börn byrjar í Skarðshlíðarleikskóla eru foreldrum boðið á **kynningafund** og/eða í viðtal við leikskólastjóra og deildastjóra. Foreldrar fá **upplýsingar** m.a. um starfið, fylla út gögn og skoða leikskólann og heimastofu barnsins.

Í Skarðshlíðarleikskóla eru börnum og foreldrum boðið upp á **þátttökuaðlögun** en hún byggist á þeirri hugmynd að **börn og foreldrar séu saman að læra að vera í leikskólanum**, en ekki að börnin séu að venjast því að vera aðskilin foreldrum sínum. Foreldrar eru með börnunum sínum í **þrjá til fjóra daga** í leikskólanum og **kynnast** þannig vel **starfsfólki, starfsháttum og umhverfi** og eru **virkir þátttakendur** í starfi með barninu sínu.



Með því að foreldrar séu virkir þátttakendur í starfi leikskólans frá fyrsta degi **öðlast** þeir **þekkingu á dagsskipulagi** og því sem á sér stað í leikskólanum, kynnast starfsfólki, öðrum foreldrum og börnum deildarinnar og **verða öruggari**. Við trúum því að **öruggir foreldrar smiti eigin forvitni og öryggiskennd yfir til barna sinna**.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að gæta **þagmælsku** og ræða ekki það sem þeir heyra eða sjá varðandi **persónuleg málefni annarra barna** í leikskólanum.

Í **daglegum samskiptum** við foreldra er lögð áhersla á að þeir séu **velkomnir og mikilvægar** persónur í lífi barnsins. **Ábendingar og spurningar** frá foreldrum er tekið **fagnandi** og allri virkni þeirra sem styður leikskólastarfið.

Foreldrar eru **ávallt velkomnir** í leikskólann, þó svo alltaf verði að taka tillit til starfsins sem er í gangi hverju sinni. Ýmsir **viðburðir eru skipulagðir í leikskólastarfinu** (gjarnan í samstarfi við foreldrafélagið) þar sem börn, foreldrar og kennarar eiga góða stund saman.

Foreldrafélag er starfrækt í

Skarðshlíðarleikskóla sem sér um ýmsar skemmtanir og uppákomur fyrir börnin s.s. **sumarhátíð, jólaball og sveitaferð**.

Foreldrar hafa **val um að greiða** í sjóð sem stendur undir kostnaði af skemmtunum og fleiru og einungis er greitt **eitt gjald á fjölskyldu**. Rukkun er send í heimabanka einu sinni á önn.

Foreldrafundur er haldinn í september ár hvert. Þar fá foreldrar kynningu á vegum leikskólans, auk þess sem foreldrafélagið fer yfir ársreikninga og kosið í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráð.

Foreldraráð er kosið til eins árs í senn. Kosnir eru a.m.k. **þrír foreldrar** til að sitja í ráðinu til eins ár í senn og skal kosning fara fram í september á hverju ári. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu. Foreldraráð sér um að **gefa umsagnir** til leikskólans t.d. um skólanámskrána og ýmsar áætlanir, fylgjast með framkvæmd þess og kynningu þeirra til foreldra. Það hefur einnig **umsagnarrétt** um allar meiri háttar **breytingar á leikskólastarfinu**.

Foreldrar leikskólabarna geta **leitað til foreldraráðs** ef þeir vilja gera **athugasemdir** við starf, **stjórnun** eða **aðbúnað** leikskólans og foreldraráð kemur því í farveg. Upplýsingar um hverjir sitja í ráðinu og netföng þeirra má finna á heimasíðu leikskólans.



Tengsl skólastiga

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða sá grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við öðrandi verkefni og öðlast nýja reynslu.“

Leikskólinn deilir húsnæði með **Skarðshlíðarskóla, bókasafni, íþróttahúsi og tónlistarskóla**. Síðan leikskólinn opnaði hefur verið unnið markvisst að því að þróa gott samstarf á milli þessara skólastiga og kallast það *Saman í takt*. Til að mynda sér **tónmenntakennari** grunnskólans um **tónlistarstundir** fyrir leikskólabörnin og forskóla í tónlistaskólanum, nemendum á **unglingastigi** býðst **valfag** í **leikskólanum**, sameiginlegar söngstundir eru haldnar reglulega og **kennarar eru hvattir** til að gera verkefni saman **þvert á skólastig**. Auk þess hefur leikskólinn og yngstu bekkir grunnskólans verið í **kór** saman undir stjórn tónmenntakennara og leikskólakennara. Leikskólabörnin fá líka að nýta **ýmis rými** innan **grunnskólans** eins og **íþróttahúsið** og **bókasafnið**. Því má segja að frá því að barn byrjar í leikskólanum sé það einnig að aðlagast umhverfi grunnskólans. Þau fara **reglulega í heimsóknir** í grunnskólann, hvort sem það er í tónlistartíma í tónmenntastofunni, íþróttahúsið, bókasafnið eða í tíma hjá myndlistakennara. **Nemendur grunnskólans** koma líka oft í leikskólann í samsöng eða gera verkefni. Grunnskólinn býður svo börnum á síðasta ári í leikskólanum og foreldrum þeirra í **vorskóla** í maí.



Mat á leikskólastarfi

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

Innra mat

Í Skarðshlíðarleikskóla er stór barnahópur með **misjafnar þarfir, reynslu og væntingar**. Til þess að geta **mætt** hverjum **einstaklingi** þar sem hann er þá þarf alltaf að vera að meta starfið.

Matið í leikskólanum er bæði **óformlegt**, sem fer þá fram í umræðum og viðtölum á fundum, og **formlegt**, en þá er stuðst við ýmsar **athuganir, skráningar, útfyllingarlista, kannanir** o.fl.

Óformlegt símat fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum, samtölum við foreldra og síðast en ekki síst, samtölum við börnin. Í **Hringekjunni** skrá kennarar hjá sér hvað þeir buðu upp á á stöðinni sem þeir sáu um og ígrunda svo á eftir hvernig gekk. Þeir skrá hjá sér hvaða börn vorðu tíma á stöðinni og þannig er m.a. hægt að skoða hvar **áhugsvið** barna liggur.

Myndrænar **uppeldisfræðilega skráningar, ferilmöppur** barnanna og samtöl við börnin um þætti starfsins eru hluti af mati leikskólans.

Á hverju ári er gerð **starfsáætlun** þar sem settir eru fram þættir sem vinna á með yfir árið og meta svo. Einu sinni til tvisvar á ári er svo gert **endurmat** á þessum þáttum. Yfirleitt sjá kennarar á hverri heimastofu um að meta starfið saman eða með næstu heimastofu við, eftir því hvað á best við.

AEPS-listar og **einstaklingsnámskrár** eru endurmetnar reglulega yfir árið eftir því hvað við á. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á þeirri vinnu í samvinnu við deildastjóra og stuðningsaðila barna. Sérkennslustjóri ber einnig ábyrgð á að meta reglulega og skila af sér skýrslum um sérkennslu og stuðningsbörn.



Ytra mat

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en **ráðuneytið** eða **sveitarfélagið** sér um **ytra mat** sem felst í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. **Fræðsluráð** hefur **eftirlit** með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum sem við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að **skólastarfið sé metið** með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir **foreldra viðhorfskannanir** um líðan og menntun barnanna. **Starfsmenn** svara einnig reglulega **könnunum** þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. **Heilbrigðiseftirlit** ríkisins gerir **úttekt á húsnæði og starfsaðstæðum** starfsfólks á tveggja ára fresti og eins er gerð úttekt á **útisvæði** leikskólans á tveggja ára fresti.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla (2011, endurskoðuð 2023).

Barnalög nr. 76/2003.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Menntastefna Hafnarfjarðar.

<https://hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-og-born/menntastefna/>

